

Nr. 069 / 13 Fjóla GK 121**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1516
Smíðaður: Skagaströnd 1978, plast
Stærð: 11,1 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 11,87 m Skráð lengd: 11,45 m
Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Ford Sabre 86kW, 1991
Fjöldi skipverja: 2



Fjóla©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. maí 2013 var Fjóla GK 121 á siglingu á Hvalfirði. Veður: ASA 10 m/sek.

Báturinn varð vélarvana vegna bilunar í vökvakerfi þilfarsbúnaðar svo stöðva þurfti vélina og hafði skipstjóri samband við útgerð. Útgerðarmaður hafði samband við VSS sem kallaði út björgunarbát til að draga Fjólu til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að samskonar bilun hafði komið fyrir 15. maí (*sjá mál. 050/13*);
- að eins og fyrr var bilunin í tvöfaldri vökvaprýstingsdælu beintengdri við aflúttak á vélinni og hafði því ekki áhrif á siglingarhæfni hans. Hins vegar var talið ráðlegt að hafa vélina ekki í gangi þar sem vökvaprýstingsdælan hefði þá getað skemmst;
- að orsök bilunarinnar virtist vera sú sama og fyrr það er að einn stangarboltinn var forskrúfaður. Þegar boltinn var skoðaður nánar þóttust menn sjá að gengjurnar hefðu dregist út. Eftir mælingu á þrýstingi kerfisins kom í ljós að hámarks afl sem dælan var látin framleiða inn á notendur var langt umfram það sem eðlilegt mátti teljast.
- að hámarks afl dælnnar var endurstíllt og skipt um stangarbolta á dæluhólfunum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.